

46. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 14. júní og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi
2. Fundargerðir
3. Erindi til hreppsnefndar
4. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við liðnum „5. Ársreikningur Ásaljóss 2016“. Samþykkt.

Gengið til dagskrár:**1. Sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi**

Lögð fram sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahrepp, Sveitarfélagið Árborg, Flóahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hveragerðisbæ, og Sveitarfélagið Ölfus.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi lögreglusamþykkt fyrir sitt leyti.

2. Fundargerðir**a) Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu liður 2. þarfnast umfjöllunar.****Liður 2. Málefni Skógasafns.**

Bókun héraðsnefnda: *Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Skógasafns var gestur fundarins undir þessum lið. Sverrir greindi frá því að fjölgun hefði orðið í gestakomum á Skógasafn og að gestir dreifðust meira yfir árið en áður var. Nýtt anddyri við safnið er að verða fullgert og verður tekið í notkun á næstunni. Ríkissjóður hefur gert Skógasafni tilboð um að kaupa byggingar Skógaskóla fyrir kr. 150.000.000,- Verði af kaupum er fyrirhugað að selja húsin aftur undir starfsemi sem gæti fallið vel að starfsemi Skógasafns.*

Héraðsnefndirnar veita stjórn Skógasafns heimild til að ganga til samninga við Ríkissjóð um kaup á húsunum. Ákvörðunin er háð samþykki sveitarstjórna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum. Hreppsnefnd samþykkir fyrirhuguð kaup fyrir sitt leyti og að veita stjórn Skógasafns heimild til að ganga til samninga við Ríkissjóð um kaup á húsunum.

b) 2. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Rangæinga, haldinn 27. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

c) Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2017, haldinn 9. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

d) 44. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs., haldinn 11. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

e) 133. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 11. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

f) 10. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 17. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

g) 3. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Rangæinga, haldinn 17. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

h) 134. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 23. maí sl. liður 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1. Kálfholt K 3a: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – 1705047

Lögð fram umsókn um byggingu 25 fm bjálkahúss á landinu Kálfholt K 3a lnr. 219274 sem er 11,9 ha að stærð. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsókn um byggingarleyfi með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar fyrir vegtengingu við þjóðveg. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna umsóknina.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

Liður 2. Syðri-Hamrar 2 land lnr 200447: Syðri-Hamrar 2A og 2B: Stofnun lóðar - 1705032

Lögð fram umsókn eigenda lóðarinnar Syðri-Hamrar 2 land lnr. 200447 um skiptingu hennar í tvo hluta.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við skiptingu lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

i) 44. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., haldinn 23. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

j) 15. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 16. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

k) 16. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 31. maí sl., liður 1 og 3 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1. 1610045 - Skóladagatöl 2017-2018

Skólastjórar kynntu skóladagatöl fyrir næsta skólaár. Fundurinn beinir þeim tilmælum til skólastjórnenda að leitast verði við að skólasamkomum með þátttöku foreldra sé að öllu jöfnu lokið fyrir kl. 20:00. Haft verði samráð við foreldrasamfélögin um þetta.

Skóladagatölin borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu stjórnar og tekur heilshugar undir tímamörk á skólasamkomum sem eru með þátttöku aðstandenda. Einnig vill hreppsnefnd vekja athygli á því að samræma mætti betur skóladagatöl milli leik- og grunnskóla í sameiginlegum skólahverfum. Samþykkt.

Liður 3. 1702001 - Endurskoðun skólastefnu 2017

3.1 Eftirfylgni við skólastefnu

Skólastjórnendur fóru yfir þau atriði sem skólastefna Odda bs. gerir ráð fyrir að séu tekin fyrir í lok skólaársins. Særún Sæmundsdóttir kynnti fyrirkomulag og niðurstöður innra mats hjá Grunnskólanum á Hellu og Thelma María Marinósdóttir fór yfir innra mat Laugalandsskóla. Þá greindi Sigurjón Bjarnason frá árangri við lestrarþjálfun við Laugalandsskóla. Auður Erla Logadóttir fór yfir innra mat og atriði til eftirfylgni hjá Heklukoti. Sigrún B. Benediktsdóttir og Hafdís Ásgeirsdóttir fóru yfir stöðu mála hjá Leikskólanum á Laugalandi.

3.2 Reglubundin endurskoðun á skólastefnunni

Skólastefna Ásahrepps og Rangárþings ytra var samþykkt árið 2016 en í henni er gert ráð fyrir að endurskoðun fari fram annað hvert ár og í fyrsta sinn í lok skólaárs 2017. Ekki þykir ástæða til að gera breytingar á skólastefnunni að sinni.

Hreppsnefnd staðfestir bókun stjórnar.

l) 188. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., haldinn 7. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

m) 135. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 8. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

n) 16. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 2. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

3. Erindi til hreppsnefndar

- a) Beiðni um auglýsingu frá N4 í blaðið N4 Landsbyggðin.
Hafnað.
- b) Beiðni um styrk frá Batasetri Suðurlands Geðræktarmiðstöð.
Hafnað.

4. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður miðvikudaginn 16. ágúst nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

5. Ársreikningur Ásaljóss 2016

Rekstarniðurstaða Ásaljóss á árinu 2016 er jákvæð um 662 þús. Eigið fé í árslok 2016 nam 73,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.
Hreppsnefnd staðfestir ársreikninginn með undirritun sinni.

Til kynningar:

- A. Fundargerð apríl 2017 Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs.
- B. fundargerð stjórnar SASS nr. 519.
- C. Sambandið, börn greiða ekki lengur fyrir sjúkra-, iðju- og talþjálfun.
- D. Nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu sveitarfélaga málþing.
- E. Kvarðinn, fréttabréf Landmælinga Íslands.
- F. 179. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- G. 100 ára fullveldisafmæli, sambandið skiplag skólstarfs 2018.
- H. Fræðsluáætlun Vatnajökulspjóðgarðs.
- I. Norræna lýðheilsuráðstefnan í ágúst í Álaborg - lægra skráningargjald til 15 júní.
- J. Fundargerð 850. fundar stjórnar sambandsins.
- K. Sambandið, bókhaldsleg meðferð uppgjors lífeyrisskuldbindinga í A-deild Brúar og umfjöllun um opinber fjármál.
- L. Aðalfundur Strandarvallar ehf.
- M. Sambandið, fundargerðir skólamálanefndar.
- N. Til umsagnar 289. mál frá nefndasviði Alþingis.
- O. Íslenska sveitarstjórnarstigið til umfjöllunar á vörþingi Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins.
- P. Skýrsla um könnun á leiguíbúðum sveitarfélag 2016.
- Q. Lýðheilsugöngur í sveitarfélögum í tilefni af 90 ára afmæli F.Í.
- R. Aðalfundur Háskólafélagsins 2017.
- S. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
- T. Sambandið, hvaða þættir útskýra kostnaðaruppyggingu íslenskra grunnskóla?
- U. 520 fundur stjórnar SASS.
- V. Umhverfis- og auðlindaráðherra boðar til fundar vegna Þjórsárvera.
- W. Fundarboð aðalfundar SOR 22.06.17.
- X. Fundarboð samráðsfundar SOR 22.06.17.
- Y. Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2016-2028.
- Z. Arðgreiðsla 2017- Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
- AA. Kynningarfundur um gerð húsnæðisáætlana.
- BB. Fundarboð aðalfundar Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár.
- CC.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:00

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)